

Ed.

936. Breytingartillaga

við frv. til l. um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Frá Páli Zóphóniassyni.

Við 22. gr. 2. málsg. orðist þannig:

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum, settum samkvæmt þeim, sem og skilyrðum, sem innflutnings- og gjaldeyrisdeild hefur sett við veitingu leyfa, varða sektum allt að 500 þús. kr. Sektir fyrir verðlagsbrot skulu þó aldrei nema lægri upphæð en svarar til þess ólöglega hagnaðar, sem uppvíst hefur orðið um. Ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað, má svipta sökunaut atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Óheimilt er innflutnings- og gjaldeyrisdeild að veita innflutnings- og gjaldeyrisleyfi aðila, sem gerzt hefur brotlegur við lög þessi og hlotið 25000 kr. sekt eða meir, eða gerzt tvívegis brotlegur og hlotið 5000 kr. sekt eða meir í hvert sinn. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.